

Námssvið	Læsi og samskipti	Heilbrigði og vellíðan	Sjálfbærni og vísindi	Sköpun og menning	Lýðræði og mannréttindi	Jafnrétti
Proskapættir	Málþroski, vitsmunaproski, félagsþroski, fagurþroski, líkams- og hreyfiþroski.	Líkams- og hreyfiþroski, vitsmunaproski og félagsþroski.	Vitsmunaproski, hreyfiþroski og fagurþroski.	Fagurþroski, hreyfiþroski, tilfinningaproski, líkams- og hreyfiþroski.	Vitsmunaproski, félagsþroski, málþroski, líkams- og hreyfiþroski.	Vitsmunaproski, tilfinningaproski, málþroski, líkams- og hreyfiþroski
Hæfnipættir	Hæfni til að vinna með tungumál. Góður orðaforði og málskilningur. Leikni og lipurð með texta og tungumál.	Hæfni til að vinna með líkamann og hugann. Hreyfigeta og færni til líkamstjáningar og íþróttaiðkunar.	Hæfni til að greina og meta það sem náttúran hefur upp á að bjóða. Næmni fyrir umhverfinu, jurtum, dýrum, fjöllum o.fl. Hæfni til rökhugsunar, leikni með tölur og magn.	Hæfni til sjón-, heyrnar- og rúmskynjunar. Næmni fyrir litum, lögun og formum. Hæfni til að vinna með, meta og skapa tónlist.	Hæfni til að eiga í samskiptum við annað fólk t.d. að skilja látbragð og raddblæ. Sjálfsþekking, t.d. að þekkja styrk sinn og veikleika, tilfinningar, hugsanir og langanir.	Hæfni til að setja sig í spor annarra og horfa gagnrýnum augum á veruleikann. Sjálfsþekking og frumkvæði.

<p>Markmið</p>	<p>Að börnin auki orðaforða sinn og leiki sér með tungumálið. Heyri fjölbreytt og vandað mál. Tjái sig við aðra og taki þátt í samræðum. Eigi virk jákvæð samskipti við börn og fullorðna. Kynnist bókmenntum, þulum, sögum og ævintýrum. Læri texta og taki þátt í söng. Fáir tækifæri til að greina á milli leiks og alvöru. Læri að þekkja og vinna með máhljóðaefni Lubba</p>	<p>Að börnin upplifi fjölbreytni náttúrunnar og njóti útiveru. Að þau kynnist lífríkinu í nánasta umhverfi sínu og umgangist náttúruna af virðingu. Hafi frjálstan aðgang að fjölbreyttum efniviði og áhöldum. Upplifi sjálfsbær vinnubrögð skólans.</p>	<p>Að börnin fái fullnægt hreyfipörf sinni í öruggu umhverfi leikskólans og eflir með því hreyfiproska, hreyfigetu og samhæfingu. Þau þrói með sér jákvæða líkamsvitund og eigi kost á alhliða hreyfingu. Að börnin fái tækifæri til að reyna á sig og slaka á. Að þau finni til öryggis í umhverfi sínu og upplifi gleði og vellíðan. Börnin kynnst Grænfánast efnu leikskólans í gegnum Steina Græna, umhverfisálf leikskólans</p>	<p>Að börnin fái virkjað sköpunarkraft sinn og fái tækifæri til að vinna með og kynnast fjölbreyttum efniviði og áhöldum til tjáningar. Þau upplifi að borin er virðing fyrir verkum þeirra og þau beri virðingu fyrir verkum annarra. Börnin fái tækifæri til að tjá sig um verk sín. Þroski með sér frumkvæði, frjálsta, skapandi tjáningu og túlkun á tónlist myndlist og öðru skapandi starfi.</p>	<p>Að börnin finni að borin er virðing fyrir þörfum þeirra og að foreldrar og kennarar séu bakhjarlar þeirra. Að börnin skynji öryggi í samskiptum og treysti því að þörfum þeirra sé mætt. Að þau kynnist helstu hátíðum í íslensku samfélagi og siðum sem tengjast þeim. Að börnin æfist í að beita lýðræðislegum vinnubrögðum.</p>	<p>Að börnin upplifi jafnrétti sem sjálfsagðan hlut í daglegu skólastarfi og geti treyst á að þörfum þeirra sé mætt ásamt því að skoðanir þeirra séu virtar. Að þau fái tækifæri til að hjálpa sér sjálf við daglegar athafnir og njóti trausts til þess að finna eigin lausnir. Læri að þekkja og vinna með vinaverkefni Barnahjálpar með hjálp frá bangsanum Blæ</p>
<p>Leiðir</p>						

<p>Leikur</p>	<p>Aðgangur að bókum og texta er aðgengilegur börnunum. Nöfn barnanna eru á skúffum og stólum. Stafrófið og ýmis form hanga á veggjum. Orð eru sett á athafnir og hugtök æfð í leiknum. Stuðlað er að jákvæðum samskiptum við önnur börn og fullorðna.</p>	<p>Börnin upplifa öryggi í leikskólanum. Þau hafa aðgang að krefjandi hreyfisvæðum úti og inni. Farið er í leiki bæði frjálsa og skipulagða þar sem reynir á líkamann og samskipti.</p>	<p>Börnin hafa aðgang að náttúrulegu leikefni. Unnið er með talningu, flokkun og greiningu forma. Form eru sýnileg í umhverfinu og kubbar eru hluti af leikefninu.</p>	<p>Börnin hafa aðgang að fjölbreyttu leikefni til sköpunar. Gott rými er í dagskipulagi fyrir frjálsan leik, t.d. könnunarleik. Fjölbreytt tónlist er spiluð á deildinni og börnin hafa aðgang að hljóðgjöfum. Skapandi umhverfi er úti sem inni.</p>	<p>Börnin hafa raunverulegt val um leiksvæði og leikefni og það er aðgengilegt þeim. Börnin fara í leiki þar sem gefast tækifæri er til að skiptast á og deila. Hlustað er á óskir barnanna og þau fá tækifæri til að bera ábyrgð í samræmi við þroska og getu.</p>	<p>Börnin upplifa jafnt vægi allra í barnahópnum og samskipti innan deildarinnar einkennist af virðingu og vinsemd. Starfsmenn stuðla að jöfnu vægi kynjanna á leiksvæðum, í leikjum og með leikefni. Þeir hvetja börnin til að leika sér og reyna sig við fjölbreytt viðfangsefni óháð kynhlutverkum. Unnið er með samskipti, virðingu og vináttu í gegnum sögur og leik með Blæ bangsa.</p>
<p>Líkamleg umhirða</p>	<p>Starfsmenn tala við börnin við bleyjuskipti og aðra líkamlega umhirðu. Setja orð á líkamshlutana og allar athafnir, tala sig í gegnum verkin.</p>	<p>Börnin fá ráðrúm til sjálfshjálpar, t.d. að klæða sig sjálf og þvo sér.</p>	<p>Börnin þvo sér eftir getu eftir útiveru og fyrir máltíðir. Fingur og tær taldar eða annað í umhverfinu sem börnin veita eftirtekt.</p>	<p>Börnin nota hlífðarföt við myndsköpun. Þau ganga frá og þvo sér að lokinni myndsköpun.</p>	<p>Börnin eru hvött til sjálfshjálpar við undirbúning og frágang, þorin er virðing fyrir skoðunum þeirra.</p>	<p>Öll börn fá tækifæri til sjálfshjálpar og þau hvött til að taka eins mikinn þátt og þroski og færni leyfir.</p>

<p>Útivera/vettvangsferðir</p>	<p>Það er tekið hlýlega á móti börnunum og þau heilsa og kveðja í upphafi og lok dags. Orð eru sett á allar athafnir. Rætt er um veðrið, klæðnað og ýmis hugtök tengd umhverfinu. Börnin læra þulur sem tengjast klæðnaði. Byggt er á jákvæðum samskiptum og samvinnu í fataklefa.</p>	<p>Börnin fá tækifæri til að spreyta sig í sjálfshjálpi fyrir og eftir útivist. Þau hafa tækifæri til að hreyfa sig í mismunandi landslagi og aðgengi að leikefni á útisvæði er fjölbreytt.</p>	<p>Athygli er vakin á umhverfinu, t.d. dýrum og plöntum í náttúrunni. Börnin fara daglega í útiveru í flestum veðrum. Vakinn er athygli á formum og fjölda í umhverfinu. Farnar eru vettvangsferðir í nærumhverfinu.</p>	<p>Börnin hafa aðgang að náttúrulegum og skapandi efnivið í útivist. Þau fara í vettvangsferðir sem bjóða upp í fjölbreytta upplifun t.d. fjöruferðir, á listasýningar, bókasafnið og annað.</p>	<p>Börnin taka þátt í umræðu um veðurfar og klæðnað sem hentar. Þau fá tækifæri til að velja ef svo ber undir og góðan tíma til að hjálpa sér sjálf miðað við þroska og getu. Börnin hafa val um margvíslega leiki og leiktæki á leiksvæði skólans.</p>	<p>Börnin hafa jafnan aðgang að leiksvæði í útivist. Leiksvæðið er aðgengilegt fyrir alla og vettvangsferðir eru skipulagðar þannig að allir geti tekið þátt. Lögð er áhersla á jafnan rétt kynjanna er varðar liti, fatnað og leik.</p>
---------------------------------------	--	---	--	--	---	--

<p>Samverustundir - hópastarf</p>	<p>Börnin vinna saman að verkefnum sem hvetja til samskipta. Þau hlusta á sögur (t.d. loðtöflusögur), rím, þulur og syngja með eftir getu. Unnið er með hlustun og börnin fara eftir munnlegum fyrirmælum. Efniviður er varðar læsi er sýnilegur og aðgengilegur börnunum. Unnið er með máhljóð Lubba í söngstund og börnum kend tákni fyrir hvert máhljóð. Stafrófið er sýnilegt á vegg og myndir sýnar af hverju máhljóði sem unnið er með hverju sinni.</p>	<p>Börnin taka þátt í hreyfileikjum, dansi og hringleikjum þar sem reynir á líkamann. Börnin koma sér fyrir í þægilegri stellingu og slaka á í upphafi samverustunda. Unnið er með hópverkefni þar sem reynir á fínhreyfingar.</p>	<p>Börnin vinna með fjölbreyttan, náttúrulegan efnivið, tól og tæki. Áhersla er á endurvinnslu og sjálfbærni á deildinni og börnin taka þátt í því. Farið er í þrautaleiki þar sem reynir á samvinnu og rökhugsun.</p>	<p>Skapandi og fjölbreyttur efniviður er aðgengilegur í hópastarfi. Börnin hlusta á fjölbreytta tónlist og læra mismunandi lög og texta. Þau fá tækifæri til að leika frjálst, skapa og tjá upplifun sína í gegnum myndlist, tónlist, dans eða á annan hátt. Verk barnanna eru sýnileg á deildinni og þau fá tækifæri til að sýna og segja foreldrum sínum frá því sem þau hafa gert. Í lok vetrar fara verk frá öllum börnum á listaverkasýningu leikskólabarna í íþróttamiðstöð sem hangir uppi yfir sumarið.</p>	<p>Lagt er upp úr lýðræðislegum vinnubrögðum í hópastarfi, að börnin finni til vellíðunar, nálægðar og að þau séu hluti af stærri heild. Börnin fá tækifæri til að velja söngva og sögur. Fjallað er um fjölskylduna og hlutverk hennar sem og stöðu barnsins. Í hópastarfi er lagt upp úr samvinnu eins og þroski og geta gefa tilefni til.</p>	<p>Í barnahópnum er stuðlað að því að allir fái tækifæri til að tjá sig og verk hvers og eins er virt. Starfsmenn hvetja til virkrar þátttöku allra og eru meðvitaðir um styrkleika og veikleika einstaklingsins svo allir fái jöfn tækifæri til að hafa áhrif og stjórna.</p>
--	--	--	--	---	--	--

<p>Matartími</p>	<p>Matartíminn er róleg og notaleg stund. Þar gefst góður tími til samræðna um matinn og almenn viðfangsefni. Orð eru sett á athafnir.</p>	<p>Börnin nota hnífapör og hvatt er til sjálfshjálpar eins og þroski og geta gefa tækifæri til. Börnin fá góðan tíma til að matast í rólegu umhverfi. Þau skiptast á að vera þjónn og sækja matarvagninn inn í eldhús á matmálstímum. Áhersla er á góða borðsiði.</p>	<p>Rætt er um hvaðan maturinn kemur og hvað hann gerir fyrir okkur. Börnin fá að borða utandyra þegar tækifæri gefst til. Það er saman eitt barn – eitt glas og þar fram eftir götunum.</p>	<p>Matur er fallega fram borinn. Börnin kynnast ólíkum matarhefðum sem og mat frá öðrum löndum.</p>	<p>Börnin fá að skammta sér sjálf eins og þroski og geta leyfa. Þau eru hvött til að smakka á öllum réttum en ráða sjálf hversu mikið þau borða af hverju.</p>	<p>Allir fá tækifæri til að mettast og rætt er um mismunandi þarfir og venjur t.d. er varðar fæðuofnæmi og óþol.</p>
<p>Svefn/hvöld</p>	<p>Börnin hlusta á rólega tónlist, raulað er eða sungið fyrir þau.</p>	<p>Hvöldartíminn er róleg og notaleg stund þar sem börnin ná að hvílast og finna að þau eru örugg.</p>	<p>Börnin hlusta á umhverfishljóð, náttúruhljóð eða rólega tónlist.</p>	<p>Hlustað er á þögnina, rólega tónlist eða annað sem verkar róandi á barnið.</p>	<p>Börnin fá að sofa eins lengi og þau þurfa, eða eins lengi og foreldrar/forráð amenn leggja upp með.</p>	<p>Allir fá tækifæri til að hvílast eins og þörf er á. Mismunandi þörfum einstaklingsins er mætt af tillitssemi.</p>